

Alþingi
Erindi nr. P 125/494
komudagur 13.12.1999

Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingis

Reykjavík, 8. desember 1999

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Með bréfi til Landssamtaka lífeyrissjóða, dags. 23. nóvember s.l., óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna frumvarps til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 200. mál.

Landssamtök lífeyrissjóða eru fylgjandi því að kveðið er á um eftirlitsgjald til Fjármálaeftirlitsins með sérstökum lögum í stað þess að bæta inn nýjum kafla í lög nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Ekki síst er þetta nauðsynlegt þar sem allar líkur eru á því að breyta þurfi árlega á Alþingi hlutföllum álagningar í lögnum, eins miklar sveiflur og eru á rekstri og eignum eftirlitsskyldra aðila. Í því sambandi má benda á að eignir lífeyrissjóða munu aukast um 20% frá árslokum 1998 til loka þessa árs og allar líkur eru á því að á næstu árum munu eignir lífeyrissjóðanna halda áfram að aukast langt umfram almennar verðlagsbreytingar. Því er mjög þýðingarmikið að árlega fari fram á Alþingi leiðréttingar til lækkunar á álagningargrunni lífeyrissjóðanna. Rétt er að leiðrétta þá fullyrðingu, sem fram kemur í athugasemdum með lagafrumvarpinu að hjá lífeyrissjóðum sé eftirlitsgjald ákvarðað sem hlutfall við iðgjöldum. Það

er víðs fjarri, sbr. 6. tölulið 16.gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálstarfsemi.

Landssamtök lífeyrissjóða munu ekki leggja stein í götu þessa frumvarps en telja hins vegar mikilvægt að þannig verði hagað málum að kostnaður við Fjármálaeftirlitið fari ekki út böndum og að eftirlitsstarfsemin verði að mestu leyti hjá lífeyrissjóðunum sjálfum, enda gera lög nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða og skyldutryggingu lífeyrisréttinda ráð fyrir að umfangsmikið innra eftirliti sé hluti af skipulagi sjóðanna og þáttur í eftirlitskerfi þeirra. Það er því skoðun Landssamtaka lífeyrissjóða að Fjármálaeftirlitið eigi fyrst og síðast að hafa eftirlit með því að hinu lögboðna innra eftirliti sjóðanna sé framfylgt og að alls ekki verði búið til tvöfalt innra eftirlit með sjóðunum á vegum Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllt

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Hrafn Magnússon

framkvæmdastjóri LL